

LÍFFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLANS  
FJÖLRIT NR. 27

**Rannsóknir á lífríki fjöru umhverfis  
kerbrotagryfjur í Straumsvík**

Agnar Ingólfsson

Reykjavík 1990

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	1
2. Aðferðir .....	1
3. Niðurstöður .....	3
3.1. Svæði I .....	3
3.1.1. Þekjumælingar á þörungum .....	3
3.1.2. Þurrvigt ríkjandi þörunga .....	5
3.1.3. Tegundaskrá fyrir þörunga .....	5
3.1.4. Þekjumælingar á dýrum .....	5
3.1.5. Talningar á dýrum .....	5
3.1.6. Skyldleikagreining .....	6
3.1.7. Tegundafjölbreytni .....	7
3.2. Svæði II .....	7
3.2.1. Þekjumælingar á þörungum .....	7
3.2.2. Þekjumælingar á dýrum .....	9
3.2.3. Talningar á dýrum .....	9
3.2.4. Skyldleikagreining .....	9
3.2.5. Tegundafjölbreytni .....	10
4. Umræður .....	10
4.1. Svæði I .....	10
4.2. Svæði II .....	11
5. Úrdráttur .....	13
6. Lokaorð .....	13
7. Heimildir .....	14
Töflur .....	15
Myndir .....	17
Viðauki A .....	40
Viðauki B .....	42
Viðauki C .....	43
Viðauki D .....	46
Viðauki E .....	48
Viðauki F .....	50

## 1. Inngangur

Samkvæmt rannsóknasamningi dags. 7. mars 1989 milli Líffræðistofnunar háskólangs og Íslenzka Álfélagsins hf. tók Líffræðistofnun að sér rannsóknir á lífríki fjörunnar við Straumsvík, í því skyni að kanna hvort greina megi áhrif á lífríkið frá kerbrotum úr álverinu, sem fargað hefur verið í fjöruna í og við Straumsvík. Talið var árangursríkast, að gera þetta með nákvæmri úttekt á útbreiðslumynstri staðbundinna tegunda í grennd við förgunarstaði. Rannsóknirnar beindust að svæðum við tvær kerbrotagryfjur. Annars vegar var um að ræða gryfju, sem notuð hefur verið frá því snemma árs 1984. Hins vegar er mun eldri gryfja, sem ekki hefur verið notuð fyrir kerbrot frá miðju ári 1985. Hún er hins vegar enn notuð fyrir alls konar úrgang úr skautasmiðju.

## 2. Aðferðir

Könnuð voru 2 svæði, sem hér eru nefnd svæði I og svæði II (1. mynd). Svæði I er inni í Straumsvík sjálfri, vestan við kerbrotagryfju þá sem hefur verið í notkun síðan 1984. Svæði II er hins vegar utan við Straumsvík og austan við gömlu kerbrotagryfjuna, sem hætt var að nota undir kerbrot á árinu 1985.

Á svæði I voru sett niður alls 6 snið (1. mynd). Á milli sniða eru 100 m í loftlinu. Snið 0 var staðsett utan á núverandi kerbrotagryfju, hið næsta, snið 100, 100 m sunnar o.s.frv. Undirlag á sniðum var víðast nokkuð svipað, þ.e. hraunklappir með nokkru lausu grjóti, einkum á neðanverðum sniðum. Snið 100 lenti þó á tilbúinni uppfyllingu umhverfis kerbrotagryfjuna. Til þess að gera það snið sambærilegt við hin var það fært um 10 m til norðurs yfir á hraunklappir. Snið 0 var hins vegar á náttúrulegum hraunklöppum, þótt það væri fast upp við tilbúna kerbrotagryfjuna.

Mikið ferskt vatn kemur til sjávar á öllu svæðinu, sem sniðin liggja á. Mest er þó sjáanlegt rennsli rétt vestan við snið 200. Selta var mæld í sýnum teknum við yfirborð sjávar við öll snið, oftast bæði á útfalli og aðfalli. Notaður var flotmælir með um 0.5 prómilla nákvæmni. Niðurstöður eru sýndar í töflu 1. Mælingar voru einnig gerðar með nemum (mælinákvæmni innan við 0.1 prómill) frá yfirborði til botns á þremur stöðvum úti á vísinni (sjá 1. mynd) og sýna að þar flýtur mjög lítt salt lag ofan á fullsöltum sjó, og er þetta ísalta lag um 0.5 m á þykkt (2. mynd). Af þessu má draga þá ályktun að í kyrrum sjó leiki á hverju aðfalli nánast ferkst vatn um hvern punkt í fjörunni, sem í kaf fer, í um hálfan til heilan tíma, áður en fullsaltur sjór nær honum. Sömu sögu er svo að segja um útfallið, þá leikur nánast ferskt vatn um hvern stað í fjörunni í hálfan til heilan tíma, áður en hún kemur upp úr, þ.e. þegar kyrrt er í sjóinn. Að þessu leyti eru aðstæður í Straumsvík sérstakar, og má fyrirfram búast við því, að tegundafjölbreytnin í fjörunni sé lægri en gerist og gengur í fjörum, þar sem sennilegt er, að ýmsar fjörutegundir þola ekki að komast í svo mikla snertingu við ferskt vatn. Hins

vegar benda mælingar ekki til þess, að munur sé á seltuaðstæðum milli sniða, þó svo að rennslið sé áberandi mikið milli sniða 200 og 300.

Settar voru niður 6 stöðvar á hverju sniði með 50 cm hæðarbili. Byrjað var á því að staðsetja efstu stöð á sniði 500 í miðju belti klapparþangs (*Fucus spiralis*)/ dvergþangs (*Pelvetia canaliculata*). Allar efstu stöðvar á hinum sniðunum voru svo staðsettar í sömu hæð. Efsta stöð á hverju sniði var auðkennd A, sú næsta B o.s.frv, en neðsta stöð var auðkennd F. Hæð F-stöðva er notuð hér sem 0-punktur. Hæð A-stöðva er því t.d. talin 2.5 m. Stöðvar voru því ekki einungis staðsettar á 6 þversniðum, heldur mynda þær jafnframt 6 langsnið út frá kerbrotagryfjuni. Á hverju langsniði eru 6 stöðvar, sem allar eru í sömu hæð í fjörunni. Heildarfjöldi kannaðra stöðva á svæði I er 36.

Á hverri stöð voru settir niður 6 reitir eins og sýnt er á 3. mynd. Tveir þekjumælingareitir voru sitt hvoru megin við miðpunkt stöðva. Á þessa reiti voru settir mælingarammar með 5 girnisspottum eða vírum langsum og 10 þversum. Á milli spotta eða víra eru 10 cm og skurðpunktar því alls 50. Við mælingar var skráð fyrir hverja tegund hversu marga skurðpunkta hún snerti (í reynd ofanvörp skurðpunktanna) og þannig fengin hlutfallsleg þekja. Þar sem tveir þekjumælingareitir voru notaðir á hverri stöð voru mælipunktar á stöð alls 100. Þekja allra þörungategunda var mæld og einnig þekja fastsitjandi dýra. Var þar fyrst og fremst um að ræða krækling (*Mytilus edulis*) og hrúðurkarl (*Balanus balanoides*).

Til hliðar við hvern þekjumælingareit var settur einn 20 x 20 cm reitur til athugunar á dýrum. Var 20 x 20 cm rammi settur á reitinn og þörungar og dýr fjarlægt. Beittur hnífur var notaður til þess að skera þörunga eftir jöðrum rammans og skrapa dýr af hraunhellum. Til hliðar við þennan reit var settur annar 20 x 20 cm reitur til athugunar á þörungum. Voru allir "makróskópískir" þörungar fjarlægðir úr reitnum, og var beittur hnífur notaður til þess að skera með jöðrum rammans og skafa klöppina. Öll sýni voru sett í plastpoka og flutt þannig til vinnustofu.

Í vinnustofu voru sýni úr dýrareitum skoluð í vatni eða í veikri ísóprópanólblöndu. Þörungarnir voru fjarlægðir og settir á þurrku til þerris. Skolvatnið var sigtað í 1 mm sigti, og öll dýr sem eftir sátu í sigtinu voru varðveitt í 70% ísóprópanólblöndu. Við frekari úrvinnslu voru sýnin skoðuð undir víðsjá, dýr greind til tegunda eftir því sem unnt var og einstaklingar hverrar tegundar taldir. Sýni af þörungareitunum voru varðveitt í 5% formalínblöndu. Við úrvinnslu voru sýnin greind í tegundir. Stórvaxnir brún- og rauðþörungar voru jafnframt þurrkaðir á þerriblaði í a.m.k. 2 sólarhringa og vigtaðir.

Á svæði II voru sett niður alls 5 snið með 100 m millibili. Snið 0, var utan á gamalli kerbrotagryfju, snið 100 var 100 m þar fyrir austan o.s.frv. (sjá 1. mynd). Á hverju sniði voru settar stöðvar með 50 cm hæðarbili. Var neðsta stöðin á sniði 400 (auðkennd F) sett niður fyrst, og aðrar stöðvar mældar út frá henni.

Ekki tókst þó að ná stöðvum svo neðarlega á hinum sniðunum vegna brimöldu, og ekki tókst heldur að ná næstneðstu stöð á sniði 0. Á þessu svæði er því um að ræða 4 heil langsnið í austur frá kerbrotagryfju, að auki er eitt langsnið (næstneðstu stöðvar), sem nær frá sniði 100 að sniði 400, og að auki ein stök stöð neðan við hinum á sniði 400. 0-punktur á svæði II er stöð F á sniði 400. Afstaða hans til 0-punkts á svæði I er ekki þekkt. Heildarfjöldi kannaðra stöðva á svæði II var 25.

Undirlag á svæði II er mjög brimnúið stórgreyti eða hraunklöpp.

Ferkst vatn virðist spretta nær alls staðar fram í fjörunni á þessu svæði nær alls staðar, eins og á svæði I. Þótt selta mælist yfirleitt lág í yfirborði sjávar við sniðin (tafla 2), þá virðist hún breytilegri en á svæði I. Sennilega má rekja það til þess, að mun meiri ólga er í sjónum á þessu svæði en inni í Straumsvík, og því að jafnaði meiri blöndun milli ferska vatnsins og sjávar.

Fjaran á þessum slóðum er að nokkru leyti tilbúin uppfylling. Með samanburði loftmynda teknum 1956 (áður en Álverið var byggt) og 1988 má sjá, að snið 0 er á uppfyllinguinni sjálfri, en snið 100 og 200 eru að mestu leyti á náttúrulegu undirlagi, og svo er greinilega um 300 og 400. Manngerður stórgreytisgarður er ofan við fjöruna við snið 0, 100 og 200, en hraunklappir eru ofan við snið 300 og 400. Undirlagið á sniðunum er alls staðar svipað að sjá. Þar sem um uppfyllingu er að ræða hefur undirlagið náð að fá á sig náttúrulega mynd frá þeim tíma að uppfyllingin var gerð.

Þekjumælingar og sýnataka var með sama hætti á svæði II og á svæði I. Svo var einnig um úrvinnslu að því undanskildu, að ekki gafst færri á að vinna úr sýnum af þörungareitum (sbr. samning). Greiningar á þörungum eru því að nokkru leyti bráðabirgðagreiningar.

Sýnataka á svæði I fór fram 8.-22. maí 1989, en á svæði II 2.-7. júní 1989. Agnar Ingólfsson, Ingi Agnarsson og Stefán Áki Rangnarsson unnu við þekjumælingar, sýnatöku og úrvinnslu sýna, og að auki vann Guðmundur Víðir Helgason við þekjumælingar og sýnatöku. Karl Gunnarsson sá að mestu um úrvinnslu 20 x 20 cm þörungasýna.

### 3. Niðurstöður

#### 3.1. Svæði I

##### 3.1.1. Þekjumælingar á þörungum

Allar þekjumælingar á sniðum 0, 100, 200, 300, 400 og 500 á svæði I eru skráðar í viðauka A. Þær ná til þörungategunda og til kræklings (*Mytilus edulis*) og hrúðurkarls (*Balanus balanoides*), en þessi dýr sitja föst á undirlaginu. Á 4.-7.

myndum er svo sýnd þekja helstu þörungategunda á hinum 36 stöðvum, sem kannaðar voru.

Ríkjandi tegund á svæðinu er klóþang (*Ascophyllum nodosum*). Klóþang er víðast í verulegu magni, nema á efstu stöðvum (4. mynd) eins og eðlilegt er. Mælingar á þurrvigt klóþangs (4. mynd) eru í góðu samræmi við þekjumælingar. Ekki verður séð, að neinar breytingar verði á klóþangi með fjarlægð frá kerbrotagryfju, en nokkuð minna virðist af þessu þangi á sniði 300 en á öðrum sniðum. Þá virðist heldur minna af klóþangi á neðstu stöðvum en um miðbik fjörunnar, en þetta mynstur sést oft í fjörum hérlandis.

Þangskeggið (*Polysiphonia lanosa*) er fylgifiskur klóþangsins. Það vex ætíð sem ásæta á þanginu, en er þó ekki alltaf til staðar. Í Straumsvík er fremur lítið af þangskeggi, en það kemur þó fyrir á öllum sniðum nema sniði 0 (5. mynd). Ekki er um marktæka breytingu að ræða með fjarlægð frá kerbrotagryfju. Panglóin (*Elachista fucicola*) er einnig ásæta á klóþangi í Straumsvík. Fremur lítið var af henni, en þó virðist einhver tilhneiting hjá þessari tegund að aukast eftir því sem nær dregur kerbrotagryfjunni (5. mynd). Þessi tilhneiting nær því þó ekki að vera marktæk (Spearman fylgnistuðull = -0.252,  $P > 0.05$ ).

Steinskúfur (*Cladophora rupestris*) er oft ríkjandi í undirgróðri undir klóþangi. Í Straumsvík er víða mikið af þessum þörungi og greinilegur og marktækur munur er á þekju hans á hinum þremur sniðum sem næst eru kerbrotagryfjunni og þeim sem fjær eru (Spearman fylgnistuðull = -0.423,  $P < 0.01$ ). Þekja hans er mun meiri á þeim sniðum sem næst eru gryfjunni (5. mynd).

Bólþangið (*Fucus vesiculosus*) er til staðar í fremur litlum mæli í Straumsvík (4. mynd), en svo er oft þegar mikið er af keppinaut þess, klóþangi. Þó bólþangið sé til staðar á öllum sniðum er þekja þess marktækt meiri á þeim sniðum sem fjærst eru kerbrotagryfjunni en hinum (Spearman fylgnistuðull = +0.341,  $0.05 > P < 0.01$ ). Mælingar á þurrvigt bólþangs koma vel heim og saman við mælingar á þekju þess (4. mynd), þótt breytingar á þurrvigt með fjarlægð frá kerbrotagryfju séu ekki marktækkar. Það vekur athygli að bólþangið er næri eingöngu að finna á tweimur neðstu stöðvum á sniðunum. Hérlandis er bólþang oft algengt um mestalla fjöruna, en hugsanlegt er að samkeppni frá klóþangi í Straumsvík komi í veg fyrir að það þrifist annars staðar en neðst, en þar er tiltölulega lítið af klóþangi.

Kólgugrös (*Devaleraea ramentacea*) koma aðeins fyrir í litlum mæli á svæði I (5. mynd). Engu að síður er þekja þeirra marktækt meiri á sniðum þeim sem næst eru kerbrotagryfju en þeim sem fjær eru (Spearman fylgnistuðull = -0.366,  $0.05 > P > 0.01$ ).

Aðrar þörungategundir á sniðunum í Straumsvík sýna engar marktækjar breytingar í þekju með fjarlægð frá kerbrotagryfju. Dálítið er af dvergapangi (*Pelvetia canaliculata*) á efstu stöðvum (6. mynd), og klapparþangið (*Fucus*

*spiralis*) er töluvert á tveimur efstu stöðvum (6. mynd). Skorpuþörungurinn *Hildenbrandia rubra* er víða algengur á sniðunum, einkum um miðbik þeirra og fremur ofarlega (6. mynd). Dálítill dreif er af kalkskorpum (Corallinacea) um neðanverð sniðin (6. mynd), og nokkuð er af sjávarkræðu (*Mastocarpus stellatus*) á neðstu stöðvum (7. mynd). Þar er einnig nokkuð af grænum himnulaga þörungum (7. mynd), sem erfitt er að greina nánar á staðnum. Greiningar þörunga úr 20 x 20 cm reitum sýna, að aðallega var um tegundina *Ulvaria obscura* (marglýju) að ræða.

### 3.1.2. Þurrvigt ríkjandi þörunga

Þurrvigt stórvaxinna þörunga, byggð á mælingum á tveimur 20 x 20 cm reitum á stöð er sýnd í Viðauka B og 4. mynd sýnir dreifingu þurrvigtar á svæði I hjá klóþangi (*Ascophyllum nodosum*) og bólúþangi (*Fucus vesiculosus*). Engra marktækra breytinga gætir á þurrvigt einstakra tegunda með fjarlægð frá kerbrotagryfju.

### 3.1.3. Tegundaskrá fyrir þörunga

Skrá yfir allar greindar þörungategundir úr 20 x 20 cm reitum er að finna í viðauka C. Ekki er að sjá, að umtalsverðar breytingar verði á tegundasamsetningu með fjarlægð frá kerbrotagryfju. 13. mynd sýnir hvernig fjöldi þörungategunda á stöð dreifist um svæði I, en nánar er rætt um tegundafjölbreytni á svæði I í kafla 3.1.7.

### 3.1.4. Pekjumælingar á dýrum

Pekja var mæld á tveimur dýrategundum, kræklingi (*Mytilus edulis*) og hrúðurkarli (*Balanus balanoides*) (sjá Viðauka A). Kræklingur er algengur, en talsvert blettóttur eins og hann er oft. Áberandi mikið er af honum á sniðum 0, 300 og 400, en engin fylgni er á milli þekju hans og fjarlægðar frá kerbrotagryfju (7. mynd). Hrúðurkarlinn er aðeins til staðar í litlum mæli í Straumsvík, og myndar hvergi samhangandi belti. Einna mest er af hrúðurkarli á sniðum 300 og 400 (7. mynd), en þar er einnig tiltölulega mikið af kræklingi (Spearman fylgistuðull milli þekju á kræklingi og hrúðurkarli er 0.539,  $P < 0.01$ ). Engin fylgni er á milli þekju hrúðurkarla og fjarlægðar frá kerbrotagryfju.

### 3.1.5. Talningar á dýrum

Niðurstöður af talningum í 20 x 20 cm reitunum eru sýndar í Viðauka D. Að auki sýna 8.-10. myndir útbreiðslu helstu dýrategunda.

Klettadoppan (*Littorina saxatilis*) er algeng um allt svæðið, og er tæpast nokkur önnur tegund jafn útbreidd (8. mynd). Hún er þó ekki alveg jafndrefið, og vex

fjöldi hennar með fjarlægð frá kerbrotagryfju (Spearman fylnistuðull = +0.393, 0.05 > P > 0.01). Einna minnst er af klettadoppunni á sniði 200.

Fjöruflóin *Gammarus oceanicus* er nokkuð algeng á þeim sniðum neðanverðum sem færst eru kerbrotagryfju, en finnst tæpast á þeim sem nær eru (8. mynd). Marktæk fylgni er á milli fjölda og fjarlægðar frá gryfunni (Spearman fylnistuðull = +0.394, 0.05 > P > 0.01).

Panglúsin *Idotea granulosa* finnst eingöngu á þeim þremur sniðum, sem næst eru kerbrotagryfju (9. mynd) og er nokkuð algeng á þeim neðanverðum. Er marktæk fylgni milli fjölda og fjarlægðar frá gryfju (Spearman fylnistuðull = -0.543, P < 0.01).

Ánar (Oligochaeta) er mjög algengir á sniðum næst kerbrotagryfju, einkum þó á sniði 0, og er um marktæka fylgni að ræða milli fjölda og fjarlægðar frá kerbrotagryfju (Spearman fylnistuðull = -0.415, P < 0.01) (10. mynd). Enginn áni fannst á sniði 300.

Engar aðrar dýrategundir sýna marktæka fylgni milli fjölda einstaklinga og fjarlægðar frá kerbrotagryfju. Pangdoppan (*Littorina obtusata*) er algeng á öllum sniðum, einkum um neðri hluta þeirra, eins og búast má við (8. mynd). Nákuðungurinn (*Thais lapillus*) finnst í nokkrum mæli neðst á flestum sniðum (9. mynd). Pangflóin (*Hyale nilssoni*) er mjög algeng á öllum sniðum (9. mynd) nema helst á sniði 300. Pangflóin lifir í þangi, en á sniði 300 er nokkru minna af klóþangi en á öðrum sniðum. Fjöruflóin *Gammarus obtusatus* er allalgeng á flestum sniðum, en sýnir blettóttu útbreiðslu, eins og fjöruflóa er vandi (8. mynd). Fjörulýs (*Jaera* spp.) eru algengar á öllu svæðinu (9. mynd), en finnast þó ekki á efstu stöðvum, og eiga það sammerkt með mörgum öðrum fjörutegundum. Heldur virðist meira um fjörulýs á þeim sniðum sem fjaerstar eru kerbrotagryfum, en ekki er um marktæka fylgni að ræða milli fjölda og fjarlægðar frá kerbrotagryfju. Aðeins er unnt að greina karldýr fjörulúsa til tegundar, en þau voru fremur fátíð í sýnum. Karldýr af tegundinni *Jaera albifrons* voru greind af öllum sniðum, samtals af 14 stöðvum, en karldýr af tegundinni *Jaera prehirsuta* greindust aðeins á einni stöð á sniði 200 og á einni stöð á sniði 400. Fjörurykmý (*Cricotopus variabilis*), þ.e. lirfustig þess, finnst á neðstu stöðvum á öllum sniðum, oft í talsverðum mæli. Það var sérlega mikið um það á neðstu stöð á sniði 0 (10. mynd), en ekki er um marktæka fylgni að ræða milli fjölda og fjarlægðar frá kerbrotagryfju. Fjörujötunuxi (*Micralymma marinum*) fannst dreifður um mestallt svæðið en í smáum stfl (10. mynd).

### 3.1.6. Skyldleikagreining

Ef gerð er skyldleikagreining á stöðvum á svæði I með notkun á Pearson fylnistuðlum eftir að fjölda- og þekjutölum hefur verið raðað (ranked) fást þær niðurstöður sem sýndar eru á 11. mynd. Efstu stöðvar á sniðunum sex (A-stöðvar) mynda skýrt afmarkaðan hóp, sem er svo tengdur næstefstu stöðvum á

þremur ystu sniðunum (300B, 400B ogg 500B) á nokkuð lauslegri hátt. F-stöðvar (neðstu stöðvar) á sniðunum sex mynda svo annan nokkuð vel afmarkaðan hóp ásamt E-stöðvum (næstneðstu) á sniðum 0, 100 og 200. Ef A-stöðvum er sleppt og skyldleikagreining gerð á öðrum stöðvum fæst skyldleikatré það sem sýnt er á 12. mynd. Þá má greina 4 sæmilega skýrt afmarkaða hópa. Einn hópur er samsettur úr þremur ystu B-stöðvum (300B, 400B og 500B). Annar hópur, nokkuð misleitir, er samsettur úr flestum C og D-stöðvum, nema 300D og 500D, og að auki B-stöðvum á þeim þremur sniðum sem næst eru kerbrotagryfju. Fimm stöðvar, sem eru talsvert líkar innbyrðis, mynda svo þriðja hópinn. Eru þetta D og E-stöðvar á ystu sniðunum þremur, að því undanskildu að stöð 400D lendir utan við hópinn. Fjórða hópinn, allsundurleitan, mynda svo 9 stöðvar, þar með allar F-stöðvar svo og þær 3 E stöðvar, sem næstar eru kerbrotagryfju.

Í þessari skyldleikagreiningu kemur lárétt beltaskipting greinilega fram, eins og eðlilegt er að finna í þangfjörum. Að öðru leyti virðast einhver skil koma fram á milli sniða 200 og 300, einkum áberandi á B og E-stöðvum.

### 3.1.7. Tegundafjölbreytni

Algengt er að tegundafjölbreytni minnki eftir því sem nær dregur mengunaruppsprettu (sjá t.d. Hoare og Hiscock 1974). Því er rétt að athuga hvernig tegundafjölbreytni hagar sér. Mælikvarðinn, sem hér er notaður á fjölbreytni er einfaldlega fjöldi tegunda á stöð. Greinilegt er að tegundafjölbreytni vex töluvert niður sniðin eins og yfirleitt er í fjörum (t.d. Agnar Ingólfsson 1976). Hins vegar eru engin merki þess að tegundafjölbreytni breytist á einn eða annan hátt með fjarlægð frá kerbrotagryfju (töflur 3 og 4, 13. mynd).

## 3.2. Svæði II

### 3.2.1. Þekjumælingar á þörungum

Allar þekjumælingar á sniðum 0, 100, 200, 300 og 400 á svæði II eru gefnar í Viðauka E, og útbreiðsla helstu tegunda er sýnd á 14.-16. myndum. Eins og getið er um í aðferðalýsingu (kafla 2) hefur ekki verið unnið úr þörungasýnum á svæði II, og því skortir staðfestingu á sumum greiningum á vettvangi. Í sumum tilvikum var aðeins um mjög grófa greiningu að ræða á staðnum.

Gróðurfar á svæði II er greinilega með allt öðrum hætti en á svæði I, enda eru aðstæður mjög ólíkar, bæði hvað snertir gerð undirlags svo og brim. Svæði II er algjörlega opið fyrir útafsöldunni, og má ætla að brim sé mjög mótandi þáttur um lifríkið þar, en þess er tæpast að vænta á svæði I. Vegna brims er líklegt, að blöndun ferska afrennslisins og sjávar sé miklu meiri en inni á vskinni, og greinileg lagskipting er væntanlega fremur sjaldgæf. Lífverur í fjörunni á svæði II

ættu því mun sjaldnar að komast í snertingu við ferskt eða nánast ferskt vatn en lífverur á svæði I.

Brimskúfur (*Acrosiphonia arcta*) er ríkjandi þörungur á svæði II (14. mynd), en hann er aðeins til staðar í litlum mæli á svæði I. Enga fylgni er að sjá milli fjarlægðar frá kerbrotagryfju og þekju brimskúfs. Brimskúfur er einkennandi fyrir fjörur þar sem brims gætir að ráði og nokkur hreyfing er á hnnullungum. Grænir himnulaga þörungar (hugsanlega aðallega *Ulvaria obscura*) eru einnig um allt svæðið (14. mynd) og enga fylgni að sjá með fjarlægð frá kerbrotagryfju.

Af stórvaxnari þörungum er mest af skúfaþangi (*Fucus distichus*) á svæði II (14. mynd), en af því finnst aðeins vottur á svæði I. Skúfaþang er sérlega einkennandi fyrir brimasamar fjörur hérlandis, þótt það finnist einnig oft í skýldum fjörum. Á svæði II minnkar þekja skúfaþangs marktækt eftir því sem fjær dregur kerbrotagryfjuni (Spearman fylgnistuðull=-0.505, P<0.01), og verður minnkunin einkum um neðanverð sniðin.

Steinslý (*Pylaiella littoralis*) er algengt um allt svæði II, nema helst á sniði 0, en engin fylgni er á milli þekju steinslys og fjarlægðar frá kerbrotagryfju (15. mynd).

Aðrir þörungar en ofangreindir koma fyrir í minna mæli á svæði II, en flestir þeirra sýna marktæka fylgni við fjarlægð frá kerbrotagryfju. Einn þeirra, grænþörungurinn *Enteromorpha* sp., sýnir vaxandi þekju með fjarlægð frá kerbrotagryfju (15. mynd, Spearman fylgnistuðull=+0.541, P<0.01), en þessi þörungur er nær bundin við það snið sem fjærst er gryfjuni, snið 400. Önnur tegund, purpurahimna (*Porphyra* sp.), sýnir einnig tilhneigingu í sömu veru (15. mynd), en sú tilhneiting nær því ekki að vera marktæk. Purpurahimna er einkennandi fyrir brimasamar fjörur.

Flestir aðrir þörungar, sem koma fyrir í einhverjum mæli sýna minnkandi þekju með fjarlægð frá kerbrotagryfju. Þangló (*Elachista fucicola*) er allnokkur á þeim premur sniðum sem næst eru gryfjuni, en lítið sem ekkert á hinum 15. mynd). Er fylgni marktæk á milli þekju og nálægðar við gryfju (Spearman fylgnistuðull=-0.527, P<0.01). Blöðkulaga rauðþörungur, sem ekki hefur verið greindur, finnst eingöngu á sniðum 0 og 100 (16. mynd, Spearman fylgnistuðull=-0.672, P<0.01). Klóþang (*Ascophyllum nodosum*) er einnig aðeins fundið á þessum tveimur sniðum, og er lítið af því (14. mynd, Spearman fylgnistuðull= -0.711, P<0.01). Sömu sögu er að segja um þunnaskegg (*Polysiphonia urceolata*) (16. mynd, Spearman fylgnistuðull=-0.519, P<0.01) og skorpuþörungin *Hildenbrandia rubra* (16. mynd, Spearman fylgnistuðull=-0.671, P<0.01), sem sérlega mikil er af á sniði 0. Sjávarkræða (*Mastocarpus stellatus*) finnst aðeins á sniði 0, við kerbrotagryfjuna (16. mynd, Spearman fylgnistuðull=-0.548, P<0.01). Sjávarkræða er einkennandi fyrir fjörur þar sem brims gætir að ráði.

### 3.2.2. Þekjumælingar á dýrum

Allar þekjumælingar eru gefnar í viðauka E. Kræklingur (*Mytilus edulis*) er algengur um allt svæðið (17. mynd), þótt hann nái hvergi þeirri þekju, sem hann hefur víða á svæði I. Engin fylgni er á milli þekju kræklings og fjarlægðar frá kerbrotagryfju. Hrúðurkarl (*Balanus balanoides*) finnst einnig á öllum sniðum, en þekja hans fer marktækt minnkandi með vaxandi fjarlægð frá kerbrotagryfju (17. mynd, Spearman fylgnistuðull = -0.497,  $P < 0.01$ ). Þekja hans er þó hvergi mikil.

### 3.2.3. Talningará dýrum

Niðurstöður af talningum dýra í 20 x 20 cm reitum af svæði II eru sýndar í Viðauka F, og útbreiðsla helstu tegunda er að auki sýnd á 18.-20. myndum.

Nokkrar dýrategundir reyndust algengar um allt svæðið. Þangfló (*Hyale nilssonii*) var algeng á öllum sniðum, einkum um þau ofanverð (18. mynd). Engin fylgni var á milli fjölda og fjarlæðgar frá kerbrotagryfju. Ánar (*Oligochaeta*) voru mjög algengir um allt svæðið (19. mynd). Lirfur fjörurykmýs (*Cricotopus variabilis*) voru einnig algengar á öllum sniðum (19. mynd), mun útbreiddari en á svæði I. Fjöldi þeirra minnkaði þó marktækt með fjarlægð frá kerbrotagryfju (Spearman fylgnistuðull = -0.396,  $0.05 > P > 0.01$ ). Klettadoppur (*Littorina saxatilis*) fundust á öllum sniðum, en útbreiðslan var talsvert blettótt (19. mynd). Engin fylgni er við fjarlægð frá kerbrotagryfju.

Aðrar dýrategundir voru að miklu leyti bundnar við þau snið sem næst voru kerbrotagryfju. Fjöruflóin *Gammarus oceanicus* er algeng um neðanverð snið 0, 100 og 200, en kemur aðeins fyrir á einni stöð á ytri sniðum (18. mynd, Spearman fylgnistuðull = -0.461,  $= .05 > P > 0.01$ ). Fjöruflóin *Gammarus obtusatus* sýnir einnig marktæka fylgni með fjarlægð frá kerbrotagryfju (Spearman fylgnistuðull = -0.448, en mun minna er af þeirri tegund (18. mynd). Þangdoppur finnast aðeins á sniðum 0, 100 og 200 og er fremur lítið af henni (19. mynd). Marktæk fylgni er við fjarlægð frá kerbrotagryfju (Spearman fylgnistuðull = -0.543,  $P < 0.01$ ). Svipaða sögu er að segja um mærudoppu (*Skeneopsis planorbis*), en hún finnst þó í töluverðum mæli á tveimur stöðvum (20. mynd, Spearman fylgnistuðull = -0.430,  $0.05 > P > 0.01$ ). Brimlúsín (*Idotea pelagica*) er mjög algeng á sniði 0, við kerbrotagryfjuna, en finnst hins vegar vart á ystu sniðum, sniðum 300 og 400 (18. mynd). Marktæk fylgni er við fjarlægð frá kerbrotagryfju (Spearman fylgnistuðull = -0.678,  $P < 0.01$ ). Brimlúsín er einkennandi fyrir brimasamar fjörur, og hennar varð alls ekki vart á svæði I í Straumsvík. Nákuðungur (*Thais lapillus*) fannst aðeins á þeim tveimur sniðum, sem næst eru kerbrotagryfju, og aðeins í smáum stíl (20. mynd). Marktæk fylgni er við fjarlægð frá kerbrotagryfju (Spearman fylgnistuðull = -0.463,  $0.05 > P > 0.01$ ).

### 3.2.4. Skyldleikagreining

Ef gerð er skyldleikagreining á stöðvum á svæði II með notkun á Pearson fylgnistuðlum, eftir að fjölda- og þekjutölum hefur verið raðað (ranked) fást þær

niðurstöður, sem sýndar eru á 21. mynd. Efstu tvær stöðvar á sniðunum 5 mynda afmarkaðan hóp, að því undanskildu að stöð 400B lendir utan við þennan hóp. Afgangur stöðva greinist svo í 2 hópa. Í annan hópinn lenda eingöngu stöðvar sem eru á þeim þremur sniðum, sem næst eru kerbrotagryfju (snið 0, 100 og 200), en í hinn hópinn fara eingöngu stöðvar, sem eru á ystu sniðunum tveimur, sniðum 300 og 400. Þessi greining bendir því til breytinga um neðanverð sniðin með fjarlægð frá kerbrotagryfju. Frekari athuganir á þessari greiningu sýna að efstu tvær stöðvar á sniði 0 (0A og 0B) greinast nokkuð frá öðrum efstu stöðvum. Ef efstu stöðvum, A og B, er sleppt og skyldleikagreining gerð á öðrum stöðvum, eftir að gögnum hefur þá verið raðað á ný fæst sú mynd sem sést á 22. mynd. Tvær neðstu stöðvar á sniði 0 (0C og 0D) skera sig nokkuð frá hinum. Stöðvar 100C, 100D og 200D mynda annan hóp. Í þriðja hóp falla stöðvar 100E, 200C, 200E, 300D og 300E. Í fjórða hópinn falla svo allar stöðvar af sniði 400 (400C, 400D, 400E, 400F) svo og ein stöð af sniði 300C.

Þessi greining kemur því heim og saman við athuganir á útbreiðslu einstakra tegunda og bendir sterklega til þess að verulegar breytingar verði á sniðunum á svæði II með vaxandi fjarlægð frá kerbrotagryfju.

### 3.2.5. Tegundafjölbreytni

Það er athyglisvert, að á svæði II er engin fylgni á milli fjölda tegunda á stöð og löðréttar hæðar (23. mynd) eins og yfirleitt er í fjörum (sbr. einnig svæði I). Nærtækt er að álykta að brim valdi þessu. Hins vegar má sjá af 23. mynd og töflu 5 að tegundafjölbreytni minnkar með vaxandi fjarlægð frá kerbrotagryfju, og er þessi tilhneiting mjög marktæk (Spearman fylgnistuðull = -0.789, P < 0.01). Mestar breytingar í tegundafjölbreytni verða milli sniða 0 og 200, en ekki er verulegur munur á sniðum 200, 300 og 400.

## 4. Umræður

Nánast engar upplýsingar eru til um það hvers konar áhrifa er helst að vænta á sjávarlíf vegna úrgangs frá álverum (Ellis 1989). Í þessum rannsóknum við álverið í Straumsvík hefur einkum verið hugað að eiteturáhrifum, sem fram gætu komið í því, að tegundum fækkar og að lífmagn sumra tegunda dvínar eftir því sem nær dregur kerbrotagryfum. Þetta eru sams konar breytingar á lífríki og leitað var eftir í úttekt á sjávarlífí við álver í Husnes í Kvinnherad í Noregi (Rygg og Green 1981). Við mengun frá kerbrotagryfju gætu lífsskilyrði einhverja þolinna tegunda þó hugsanlega batnað við það að þær losna við keppinauta. Hins vegar er mjög erfitt að hugsa sér að efni frá kerbrotagryfju geti haft alhliða jákvæð áhrif á lífríkið.

### 4.1. Svæði I

Á svæði I eru ekki merkjanlegar miklar breytingar á lífríki með fjarlægð frá kerbrotagryfju. Fjórar tegundir sýna aukningu þegar nær dregur gryfjunni, þ.e.

steinskúfur (*Cladophora rupestris*), kólgugrös (*Devaleraea ramantacea*), þanglús (*Idotea granulosa*) og ánar (*Oligochaeta*). Í öllum tilvikum verða umskiptin sérlega mikil á milli sniða 200 og 300, og tvær tegundanna, kólgugrösin og þanglúsin, finnast alls ekki utan við þessi skil, á sniðum 300, 400 og 500. Þrjár tegundir sýna svo marktæka minnkun eftir því sem nær dregur kerbrotagryfju, þ.e. bólubang (*Fucus vesiculosus*), klettadoppa (*Littorina saxatilis*) og fjöruflóin *Gammarus oceanicus*. Hjá bólubangi og fjöruflónni virðast skil verða einkum milli sniða 200 og 300 eins og áður, en hjá klettadoppu er þetta ekki jafn glöggt. Skyldleikagreining bendir einnig til þess að einhver skil séu á milli sniða 200 og 300. Fjölmargar tegundir eru nokkuð jafndreifðar að sjá um allt svæðið og ekki er að sjá neina breytingu á tegundafjölbreytni með fjarlægð frá kerbrotagryfju.

Litlar líkur eru á því, að ofangreindar breytingar tengist mengun frá kerbrotagryfju, einkum þar sem ekki verður nein minnkun á tegundafjölbreytni. Þá virðist lífríkið ekki haga sér eins og um jafnan fallanda væri að ræða út frá kerbrotagryfjunni, en við því mætti búast ef um mengun væri að ræða þaðan, heldur sýnast verða nokkuð skörp skil á miðju svæðinu milli sniða 200 og 300. Bæði þessi atriði draga jafnframt úr þeim möguleika að orsaka geti verið að leita til lífrænnar mengunar frá fiskeldiskvíum, sem hafðar hafa verið á milli hafnargarðs og kerbrotagryfju. Ekki er heldur um neina samsvörun að ræða milli útbreiðslu tegunda á svæði I og þess sem vitað er um það hversu vel tegundir þola lífræna mengun. Í Skerjafirði virðist t.d. klettadoppa þrifast sérlega vel við hóflega skólpengun, en á svæði I vex hún með fjarlægð frá kerbrotagryfju (og fiskeldiskvíum). Svipaða sögu má segja um fjöruflóna *Gammarus oceanicus* (Agnar Ingólfsson 1977b, Jón Agnar Ármannsson 1978). Aftur á móti virðist steinskúfur vera næmur fyrir skólpengun (Karl Gunnarsson og Konráð Þórisson 1976), en á svæði I vex magn hennar eftir því sem nær dregur kerbrotagryfju (og þá fiskeldiskvíum).

Einna líklegast virðst að rekja megi þær breytingar, sem að ofan getur, til mismikils skjóls í Straumsvík. Vitað er að tegundirnar *Fucus vesiculosus* og *Gammarus oceanicus* eru sérlega algengar í fjörum þar sem nokkurs brims gætir (Agnar Ingólfsson 1977a). Hugsanlegt er, að snið nærrí kerbrotagryfju séu í nokkru meira skjóli af hafnargarðinum en ytri snið, þar sem þessar tvær tegundir finnast helst.

#### 4.2. Svæði II

Ekki fer á milli mála, að verulegar breytingar verða á lífríki fjörunnar á svæði II með vaxandi fjarlægð frá kerbrotagryfjunni. Dregur úr magni margra tegunda eftir því sem fjær dregur (*Fucus distichus*, *Ascophyllum nodosum*, *Elachista fucicola*, *Mastocarpus stellatus*, *Hildenbrandia rubra*, blöðkulaga rauðþörungur, *Polysiphonia urceolata*, *Balanus balanoides*, *Littorina obtusata*, *Cricotopus variabilis*, *Skeneorbis planorbis*, *Idotea pelagica*, *Thais lapillus*, *Gammarus oceanicus*, *G. obtusatus*). Nokkrar tegundir sýna útbreiðslu er virðist óháð fjarlægð frá kerbrotagryfju (*Acrosiphonia arcta*, *Porphyra* sp., cf. *Ulvaria obscura*,

*Pylaiella littoralis*, *Mytilus edulis*, *Hyale nilssoni*, *Oligochaeta*, *Littorina saxatilis*). Aðeins ein tegund, *Enteromorpha* sp., hafði vaxandi þekju með fjarlægð frá kerbrotagryfju. Skyldleikagreining sýnir vel, að verulegar breytingar verða á lífríkinu með fjarlægð frá kerbrotagryfju. Eins og ljóst má vera minnkar heildartegundafjölbreytni verulega með vaxandi fjarlægð frá kerbrotagryfju.

Ofangreindar niðurstöður gefa enga bendingu um það að mengun frá kerbrotagryfju hafi áhrif á lífríki fjöru á svæði II. Hins vegar gætu þær bent til þess að einhver uppsprettu mengunar væri nálægt austurenda svæðis II, þ.e. í nágrenni við stöð 400.

Um 350 m austan við snið 400 er laxeldisstöð Pólarlax. Hún starfaði um nokkurra ára skeið, en starfsemi var hætt á árinu 1989. Leiða má líkur að því að frá laxeldisstöð þessari hafi borist tölverðar lífrænar leifar í fjöruna. Ekki væri því fráleitt að ætla að áhrifa lífrænnar mengunar gætti í fjörunni við laxeldisstöðina. Hins vegar mælir ýmislegt fremur gegn því, að mengun frá laxeldisstöðinni gæti verið orsök þeirra breytinga, sem vart verður við á svæði II. Breytingarnar sýnast t.d. vera of miklar, þegar haft er í huga að blöndun frárennslis við sjó hlýtur að vera mikil á þessum slóðum, vegna þess hveru opin ströndin er. Straumar á þessum slóðum eru lítt kannaðir, en líkur eru á því, að meðalstraumur sé þarna til austurs (sbr. Sven-Aage Malmberg 1968), en það ætti að draga úr hugsanlegum áhrifum frárennslis frá laxeldistöðinni á lífríki á svæði II. Einnig er það, að í hópi tegunda, sem dvína í átt að laxeldisstöðinni og í átt frá kerbrotagryfunni eru bæði tegundir, sem þekktar eru að því að þola illa lífræna mengun (*Ascophyllum nodosum*, *Elachista fucicola*), sem og tegundir, sem kunnar eru að því að þrífast sérlega vel við lífræna mengun, sé hún a.m.k. ekki of mikil (*Balanus balanoides*, *Fucus distichus*, *Littorina obtusata*) (Karl Gunnarsson og Konráð Þórisson 1976, Jón Agnar Ármannsson 1978, Agnar Ingólfsson 1977b).

Til skamms tíma var kælivatni frá afriðlastöðvum og háspennustöðvum veitt í fjöruna nálægt sniði 400. Þetta vatn mun hafa verið um 15° heitt (Guðmundur H. Guðmundsson, munnl. uppl.). Þessu vatni hefur verið veitt til laxeldisstöðvarinnar eftir að hún tók til starfa. Telja verður ólíklegt að þetta kælivatn geti valdið svo verulegum breytingum á lífríkinu á jafnstóru svæði og hér um ræðir. Til þess er vatnið ekki nógu heitt, og blöndun við sjó vafalaust of ör. Rétt er að hafa í huga hér, að nokkuð kælivatn frá steypuskálum rennur til sjávar nálægt sniði 100. Það er misheitt, en yfirleitt undir 20°.

